**Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2011** **2012/EES/24/13**

**frá 1. apríl 2011**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 10/2011 að því er varðar takmörkun á notkun bisfenóls A í barnapela úr plasti** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ([1]), einkum 3. mgr. 18. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/8/ESB ([2]) breytti tilskipun 2002/72/EB ([3]) um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli að því er varðar takmörkun á notkun bisfenóls A (2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própan) í barnapela úr pólýkarbónati.

2) Frá 1. maí 2011 kemur reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ([4]) í stað tilskipunar 2002/72/EB.

3) Reglugerð (ESB) nr. 10/2011 inniheldur ekki þær takmarkanir varðandi bisfenól A sem voru innleiddar í tilskipun 2002/72/EB með tilskipun 2011/8/ESB.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 10/2011 svo hún endurspegli takmarkanirnar á notkun bisfenóls A.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi texti bætist við færsluna sem varðar efni nr. 151, með heitið „2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própan“, í dálki 10 (takmarkanir og forskriftir), í töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011:

„Má ekki nota til framleiðslu á pelum ([*]) úr pólýkarbónati fyrir ungbörn ([**]).“

([*]) Ungbarn eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar 2006/141/EB.

([**]) Þessi takmörkun gildir frá 1. maí 2011 að því er varðar framleiðslu og frá 1. júní 2011 að því er varðar setningu á markað og innflutning inn í Sambandið.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. maí 2011 að því er varðar bann við framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli og eru ekki í samræmi við þessa reglugerð.

Hún gildir frá og með 1. júní 2011 að því er varðar bann við setningu á markað og innflutning inn í Sambandið á efniviði og hlutum úr plasti sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 2.4.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

([2]) Stjtíð. ESB L 26, 29.1.2011, bls. 11.

([3]) Stjtíð. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18.

([4]) Stjtíð. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 1. apríl 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti.*

José Manuel BARROSO